

# Enduruppbygging á hljóðhimnu hjá barni

Gert er við gat á hljóðhimnu í skurðaðgerð. Tekinn er himnubútur frá brjóski eða vöðva við eyra. Aðgerðin er annað hvort gerð í gegnum eyrnagang eða með skurði bak við eyrað. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

## Undirbúningur fyrir aðgerð

### Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í forsjáraðila nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufari barns sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsóknar þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Ef barn tekur lyf reglulega er gott að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

### Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun

## Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og líðan er betri eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Barnið má borða mat þar til 6 klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekkja má tæra drykki (ekki mjólkurdrykki) þar til ein klukkustund er í komu á spítalann. Tær drykkur er agnalaus drykkur án fitu t.d. vatn, sykurvatt, tær ávaxtasafi eða frostpinni (án súkkulaðis og mjólkurlaus).
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ef barnið er á föstum lyfjum metur svæfingalæknir hvort þörf sé á að taka þau að morgni aðgerðardags.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og bursta tennur. Klæðast þarf hreinum fótum eftir sturtuna og ekki má nota krem, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

**Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsömdum tíma. Gott er að yngri börn hafi með sér uppáhaldsleikfang svo sem bangsa, dúkku eða bók.**

Þegar barnið kemur á deildina fer það í fót frá spítalanum, fær armband með nafninu sínu og kennitölu og fer í rúm.

Barnið fær slakandi lyf 30-60 mínútum fyrir aðgerðina, því er mikilvægt að barnið mæti á tilteknum tíma. Nauðsynlegt er að aðstandandi fylgi barninu á skurðstofuna og sé hjá því þegar það sofnar og einnig á vöknun þegar það vaknar eftir aðgerðina. **Einungis einn aðstandandi fylgir barninu á skurðstofu og vöknun.**

## Eftir aðgerð

Eftir aðgerðina, sem tekur yfirleitt 45-75 mínútur, fer barnið á vöknun E6 á 6. hæð. Þegar barnið er vel vaknað kemur það aftur á dagdeild A5. Barnið má byrja að drekka og borða þegar það er vel vaknað eftir aðgerð. Útskrift er samdægurs.

**Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:**

- Útskriftarfræðsla
- Endurkomutíma hjá lækni

# Útskriftarfræðsla

## Verkir

Eyrnasvæðið getur verið bólgið og dofið í nokkra daga og búast má við verkjum sem lýsa sér sem stingur í eyra. Gefa má barninu verkjalyf eftir þörfum í mesta lagi fjórum sinnum á sólarhring. Mælt er með verkjalyfinu parasetamól eða íbúprófen (ef barnið er ekki með ofnæmi fyrir lyfinu) sem til er í töflum, tuggutöflum, freyðitöflum, mixtúru eða stílum og er selt án lyfseðils í apótekum.

## Aðgerðarsvæði

Blætt getur frá eyranu fyrstu 1-2 dagana. Eðlilegt er að finna slátt eða heyra skjáf og smelli í eyranu á meðan sár er að gróa. Þvo má hár tveimur dögum eftir aðgerð. Áður en hár er þvegið þarf að setja bómullarhnoðra með vaselíni utan um svo vatn komist ekki í hlust, þar til sjúklingur kemur í endurkomu.

## Hreyfing

Forðast þarf:

- Heit böð og gufu fyrstu dagana eftir aðgerð.
- Áreynslu, að rembast og lyfta þungu fyrstu vikuna eða samkvæmt fyrirmælum læknis.
- Að stunda æfingar eða íþróttir í a.m.k. viku. Ráðlagt er að fara rólega af stað aftur.
- Að snýta sér kröftuglega til að minnka hættu á þrýstingi í eyra. Því er nauðsynlegt er að snýta sér varlega og aðeins með annarri nösinni í einu. Einnig að hnerra og hosta með opinn munninn fyrstu vikuna eftir aðgerð.

## Skóli og tómstundir

Ráðlagt er að barnið sé heima frá skóla eða leikskóla í 1-2 daga eftir aðgerðina og lengur ef þörf er á.

## Flugferðir

Óhætt er að ferðast með flugvél daginn eftir aðgerð nema lækni hafi tekið annað fram. Til að losna við hellu fyrir eyrum má halda fyrir nefið, loka munninum og kyngja.

**Hafa þarf samband við göngudeild skurðlækninga B3 ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:**

- Viðvarandi blæðing eða gröftur kemur úr eyra
- Roði eða bólga er í kringum skurðsvæðið
- Barnið er með hærri hita en 38°C eða með 38°C hita lengur en í þrjá daga.
- Barnið er óvært, slapt eða með mikla verki.
- Merki eru um máttleysi í andliti fyrstu dagana eftir aðgerð.

**Í neyðartilfellum er farið með barnið á bráðamóttöku eða hringt í 112.**

Ef spurningar vakna eða áhyggjur eru af ástandi barns er velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðing á B3 á dagvinnutíma. Utan dagvinnutíma er hringt í skiptiborð Landspítala og óskað eftir viðtali við deildarlækni á skurðlækningadeild í Fossvogi.

**Símanúmer**

Dagdeild A5, opin virka daga frá kl. 07:00-22:00	543 7570
Göngudeild skurðlækninga B3, opin virka daga frá kl. 08:00-16:00	825 5817
Skiptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn)	543 1000